

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. október 2013
Tilvísun: UST20131000200/bs

Aðalskipulag Ölfuss 2010 - 2022 - lýsing - Jarðstrengur frá Þorlákshöfn til Selfoss. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Fyrirhugað er að leggja 66kV jarðstreng milli Selfoss og Þorlákshafnar. Ráðgert er að leggja strenginn meðfram núverandi mannvirkjum, vegum, slóðum og reiðleið. Fram kemur í greinargerð að ráðgert sé að leggja þjónustuveg meðfram jarðstrengnum.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvers vegna þörf sé talin á að leggja þjónustuveg meðfram umræddum jarðstreng. Stofnunin vill benda á að sambærilegur strengur hefur t.d. verið lagður meðfram Nesjavallavegi. Þar hefur ekki verið lagður sérstakur vegur meðfram strengleiðinni enda óþarfi ef land er þurr og unnt er að þjónusta strenginn frá þeim vegum sem þegar eru fyrir hendi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt


Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur